

- 10.3.6. Þar sem bifreiðar eru notaðar við útburð pósts skal setja upp kassa við vegamót eða girðingarhlið og skulu slíkir kassar staðsettir þannig, að auðvelt sé að skila pósti í þá án þess að stíga þurfi út úr bifreiðinni. Þar sem heimreið er sameiginleg fyrir fleiri en eitt heimili (margbýli) skulu kassarnir settir upp hlið við hlið. Slíkir póstkassar skulu vera gulir að lit, en að öðru leyti gilda um þá sömu reglur og um aðra einka-póstkassa.
- 10.3.7. Láti húseigandi undir höfuð leggjast að setja upp bréfarifu eða póstkassa skal póstmestari eða stöðvarstjóri tilkynna í ábyrgðarbréfi tiltekinn frest til uppsetningar.
- 10.3.8. Hlýði húseigandi ekki fyriræmum þessum innan hins tiltekna frests, og færi hann ekki fram gildar ástæður fyrir því, tekur póst- og símamála-stofnun ákvörðun um, hvort útburði til hússins skuli hætt eða hvort ákvæðum skv. 22. gr. póstlaga skuli beitt, þ. e. viðtakandi tekinn úr póstsambandi.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. póstlaga, nr. 31/1940, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Brot gegn reglugerð þessari varða sömu viðurlögum og brot gegn póstlögum.

Samgönguráðuneytið, 3. október 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hálfðánar Jónassonar, Guðrúnar Jónatansdóttur og Magnúsar Jónatanssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. júlí 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hálfðánar Jónassonar, Guðrúnar Jónatansdóttur og Magnúsar Jónatanssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hálfðánar Jónassonar, Guðrúnar Jónatansdóttur og Magnúsar Jónatanssnoar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af systkyninum Helgu Hálfðánardóttur og Jónasi Hálfðánarsyni til minningar um foreldra þeirra, Hálfðán Jónasson og Guðrúnu Jónatansdóttur og móðurbróður þeirra, Magnús Jónatansson.

3. gr.

Sjóðurinn er eign Goðdalakirkju í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu og er tilgangur sjóðsins að styrkja viðhald kirkjubyggingarinnar í Goðdölum.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 500 000.00 fimmhundruð þúsund krónur.

Sjóðurinn skal ávaxtaður á sem hagkvæmastan hátt og má aldrei skerða höfuðstól hans.

Árlega skal 1/5 hluti vaxta leggjast við höfuðstól sjóðsins en 4/5 hlutum vaxta varið til viðhalds kirkjubyggingarinnar.

5. gr.

Verði Goðadalakirkja lögð niður skal sjóðurinn ganga til þeirrar kirkju, sem verður sóknarkirkja núverandi Goðdalasóknar, en ákvæði skipulagsskrárinnar að öðru leyti vera óbreytt.

6. gr.

Sóknarnefnd Goðdalakirkju skal jafnframt vera stjórn sjóðsins og endurskoðendur kirkjunnar skulu endurskoða reikninga sjóðsins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskránni.

22. september 1980.

Nr. 530.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið.

1. Bannað verður að leggja bifreiðum á Engjaseli.
2. Bann gegn stöðu bifreiða á Hallveigarstig að sunnanverðu frá gaflí húss nr. 8 að Ingólfsstræti fellur úr gildi.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. október 1980.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. september 1980.

Sigurjón Sigurðsson.

19. september 1980.

Nr. 531.

AUGLÝSING**um umferð á Akureyri.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð á Akureyri:

1. Umferð um Bugðusiðu frá Austursíðu að Borgarbraut skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð úr aðliggjandi götum samkvæmt ákvæðum 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
2. Aukaleigugjöld á stöðumælareitum hafa nú verið ákveðin kr. 500.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 19. september 1980.

Eliás I. Eliásson.